



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 126. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 19. október 2015 kl. 15:30 í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (*KVM*), Hildigunnur Thorsteinsson (*HT*), Claus Ballzus (*CB*).

Forföll: Egill Júlíusson (*EJ*), Magnús Þór Jónsson (*MPJ*), Steinunn Hauksdóttir (*SH*) og Sigurjón Norberg Kjærnested (*SNK*)

Gestir fundar:

*KVM* setti fund 15:30.

### 1. Síðasta fundargerð

Lið frestað til næsta fundar.

### 2. Haustfundur JHFÍ

Umræða fór fram um haustfund JHFÍ sem er á dagskrá fimmtudaginn 22. október næstkomandi.

Rætt var að klára þyrfti eftirfarandi (ábyrgðaraðildar innan sviga) fyrir fundinn:

1. Senda auglýsingu út með dagskrá í seinasta lagi á morgun með bókun í Outlook – *SNK*
2. Fá staðfestingu á að styrkþegar verði á staðnum til að taka á móti viðurkenningum – *SNK*
3. Búa til viðurkenningarnar – *SNK*
4. Senda póst á fyrirlesara og fundarstjóra með dagskrá, tímamörkum á kynningum, biðja þau um að senda kynningar fyrir hádegi á fimmtudeginum til okkar og fá staðfestingu á mætingu – *KVM*

Auk þess kom fram að *HT* hefði lokið við að setja auglýsingu á facebook.

### 5. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál

Næsti fundur er á dagskrá mánudaginn 30. nóvember kl. 15:30 í húsakynnum ÍSOR, Orkugarði.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð eftir forskrift og tölvupóstsamskipti við formann og varaformann.

---